

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu á Ísafirði.**

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði Sorphirðugjald kr. 7 000 á íbúð.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.
Sorpeyðingargjald miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:
- | | | | |
|---------------------|-------------------|-----|---------|
| Flokkur 1 | Sorpeyðingargjald | kr. | 0 |
| Flokkur 2 | Sorpeyðingargjald | kr. | 17 500 |
| Flokkur 3 | Sorpeyðingargjald | kr. | 25 000 |
| Flokkur 4 | Sorpeyðingargjald | kr. | 75 000 |
| Flokkur 5 | Sorpeyðingargjald | kr. | 125 000 |
| Flokkur 6 | Sorpeyðingargjald | kr. | 175 000 |

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Óski aðilar eftir að sorphreinsun kaupstaðarins sjái um hreinsun húsasorps skulu þeir greiða kr. 3 000 fyrir hvert ílát (sorppoka).

Gjalddagar eru tveir, 5. apríl og 5. október. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

- A) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög og aðila utan Ísafjarðar-kaupstaðar 12 kr/kg
- B) Móttaka spilliefna frá öðrum sveitarfélögum og aðilum utan Ísafjarðar-kaupstaðar 100 kr/kg
- C) Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita afslátt frá ofangreindri gjaldskrá.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 28. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.